



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi  
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 18. maí 2020  
2005018SA GB  
Málalykill: 00.63

### Efni: Umsögn um frv. um átak í fráveitumálum, 776. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 13. maí 2020, þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint mál.

#### Almennt

Frumvarpið felur í sér að á árunum 2020–2030 verði veitt framlag úr ríkissjóði sem nemur hlutdeild í kostnaði við fráveituframkvæmdir á vegum fráveitna sveitarfélaga eftir því sem nánar er ákveðið í fjárlögum. Um er að ræða verkefni sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefur mjög lengi kallað eftir.

Til grundvallar frumvarpinu liggur vinna starfshóps sem umhverfis- og auðlindaráðherra skipaði á sl. ári og skilaði [tillögum í janúar á þessu ári](#). Liggur því fyrir nokkuð skýr mynd af umfangi fráveituframkvæmda sem unnt væri að ráðast í á næstu árum. Í undirbúningi er frekari gagnaöflun þar sem kallað verður eftir upplýsingum frá öllum sveitarfélögum um fyrirhugaðar framkvæmdir á næstu tíu árum. Mikilvægt er að framlag ríkisins samræmist sem best uppsafnaðri þörf fyrir framkvæmdir. Jafnframt er mikilvægt að ekki verði samþykktar nýjar kröfur um fráveituframkvæmdir sem sett gætu hönnunarforsendur í uppnám. Þannig leggur sambandið m.a. áherslu á að skynsamlegt er að leysa mengunarmál við upprunastað, svo sem með hreinsibúnaði frá iðnaði og hreinsun ofanvatns frá umferð, fremur en að kveða á um ítarlega hreinsun við útrásir fráveitna.

Styrkhæfar fráveituframkvæmdir eru framkvæmdir við sniðræsi frá safnkerfum fráveitna, hreinsivirki, dælustöðvar og útrásir. Jafnframt eru styrkhæfar framkvæmdir við hreinsun ofanvatns, svo sem til að draga úr mengun af völdum örplasts.

Kostnaður við útboð, fjármagns- og lántökukostnaður og kaup á löndum og lóðum vegna framkvæmda í fráveitumálum njóta ekki fjárstuðnings. Sama gildir um hefðbundið viðhald og endurbætur á eldri kerfum. Þó eru endurbætur á eldri kerfum styrkhæfar sé markmið með þeim að uppfylla lög og reglugerðir. Gildissvið stuðnings er því í meginatriðum hið sama og í fyrra átaki í fráveitumálum, sbr. [lög nr. 53/1995](#).

#### Umfang framkvæmda og fyrirkomulag fjármögnunar

Í fyrrgreindri skýrslu starfshóps um fyrirkomulag stuðnings við fráveituframkvæmdir var komist að þeirri niðurstöðu að heildarkostnaður við fráveituframkvæmdir sem falla undir gildissvið frumvarpsins geti á næstu tíu árum

numið um 15 milljörðum króna. Um 30% þess kostnaðar fellur til á höfuðborgarsvæðinu, 50% á stærri þéttbýlisstöðum utan höfuðborgarsvæðis og 20% á minni þéttbýlisstöðum.

Í skýrslu starfshópsins er einnig fjallað um mögulegar aðgerðir til að draga úr örplastsmengun. Frekari rannsóknir þurfa að fara fram á skaðsemi örplasts en rannsóknir sýna að bílaumferð er helsti orsakavaldurinn. Að áliti sambandsins er það fagnaðarefni að í frumvarpinu er gert ráð fyrir mögulegum stuðningsaðgerðum til að fanga örplast með hreinsun ofanvatns en möguleikar til að ráðast í slíkar úrbætur hljóta að ráðast af umfangi stuðnings ríkisins.

Loks lagði starfshópurinn mat á mögulegan kostnað við nýtingu næringarefna úr seyru en tekið er fram í skýrslunni að gera þurfi frekari rannsóknir á kostnaði og umhverfisávinningi aukinnar skólphreinsunar. Möguleikar til þess að ráðast í framkvæmdir sem snúa að slíkum úrbótum í frárennismálum munu ráðast af umfangi stuðnings ríkisins, en þessum framkvæmdum raðaði starfshópurinn í forgang 3 í sínum niðurstöðum.

Stuðningur ríkisins verður væntanlega nokkuð breytilegur líkt og í fyrra átaki eða á bilinu 15-30%, þar sem hlutfall stuðning mun ráðast af kostnaði á hvern íbúa í viðkomandi sveitarfélagi. Vert er þó að hafa í huga að ef stuðningur ríkis er miðaður við fasta fjárhæð á hverju ári getur stuðningur við einstakar framkvæmdir mögulega numið lægra hlutfalli, þ.e.a.s. ef styrkhæfar framkvæmdir verða umfangsmeiri en gert er ráð fyrir.

Til að tryggja að stuðningur ríkisins nýtist sem best hefur Samband íslenskra sveitarfélaga lagt áherslu á að umsóknarferli verði eins gegnsætt og fyrirsjáanleget og kostur er. Þannig sér sambandið t.d. fyrir sér að styrkloforð geti náð til þriggja ára í senn þannig að sveitarfélög geti skipulagt umfangsmeiri framkvæmdir í þeirri vissu að styrkur ríkisins verði í samræmi við áætlanir.

Annað fyrirkomulag stuðnings sem nokkuð hefur verið rætt um er að sveitarfélög geti sótt um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna fráveituframkvæmda. Slíkt fyrirkomulag væri vissulega einfalt. Um það náðist hins vegar ekki sátt í starfshópnum eins og rakið er á bls. 12 í skýrslu starfshópsins.

### **Lokaorð**

Frumvarpið kemur fram á heppilegum tíma, þar sem nú er ákall um að ríki og sveitarfélög ráðist í framkvæmdir til að sporna gegn atvinnuleysi. Jafnframt er um mikilvægt umhverfismál að ræða sem ekki þolir frekari bið. Enginn vafi er á því að stuðningur ríkisins við fráveituframkvæmdir mun leiða til þess að fleiri sveitarfélög treysti sér til þess að ráðast í slíkar framkvæmdir á næstu misserum og árum.

Eðli máls samkvæmt taka fráveituframkvæmdir iðulega langan tíma. Í tengslum við umfjöllun um þetta frumvarp er tilefni til þess að ræða hvort tímarammi, sem ákveðinn er í þingsályktun um sérstakt tímabundið fjárfestingaráttak, sé fyllilega raunhæfur varðandi þær 200 m.kr. sem ráðstafað er til fráveituframkvæmda. Verði frumvarp þetta að lögum ætti að áliti sambandsins að tryggja að þessir fjármunir renni ekki til annarra og óskyldra verkefna þótt ekki náist að ljúka framkvæmdum að fullu fyrir 1. apríl 2021, líkt og kveðið er á um í 4. tl. þingsályktunarinnar.

Sambandið mælir eindregið með samþykkt frumvarpsins en hefur jafnframt fyrirvara um að í fjármálaáætlun 2021-2025 verði gert ráð fyrir fjármagni sem nægir til þess að áform um framkvæmdir nái fram að ganga.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



---

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri